

ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla

2023

janúar – september

ÖRNEFNANEFND

Laugavegi 13, 101 Reykjavík

Sími 535 4432 og 525 4433 - Netfang ornefnanefnd@hi.is

ornefnanefnd.is

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga um örnefni, nr. 22/2015, sbr. og lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006, með síðari breytingum, lög um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, með síðari breytingum og lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Örnefnanefnd er þannig skipuð:

Bergur Þorgeirsson formaður, skipaður án tilnefningar.

- Varamaður: *Birna Kristín Svavarsdóttir*

Einar Sveinbjörnsson varaformaður, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Gunnar H. Kristinsson, tilnefndur af umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

- Varamaður: *Eydís Líndal Finnbogadóttir*

Jónína Hafsteinsdóttir, tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

- Varamaður: *Birna Lárusdóttir*.

Þórdís Edda Jóhannesdóttir, tilnefnd af íslenskri málnefnd.

- Varamaður: *Sigurður Konráðsson*

Emily Lethbridge, rannsóknarlektor á nafnfræðisviði Árnastofnunar, og Aðalsteinn Hákonarson, verkefnastjóri á sama stað starfa með örnefnanefnd.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Laugavegi 13 í Reykjavík.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum þessi:

1. að veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar;
2. að úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað það nafn sem notað er til skráningar á staðfangi hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar;
3. að úrskurða um nöfn á skiltum opinberra aðila;
4. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýjum þéttbýliskjarna eða hverfi innan sveitarfélags;
5. að veita umsögn um nafn sveitarfélags, sbr. 6. gr. laga um örnefni;
6. að veita umsögn um nafn á nýju náttúruyrirbæri innan sveitarfélags;
7. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra.

Örnefnanefnd er heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

Upplýsingamiðlun og heimasíða

<https://www.arnastofnun.is/is/ornefnanefnd>

<https://www.ornefnanefnd.is> (vísar beint á svæði nefndarinnar á heimasíðu Árnastofnunar).

Á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum má m.a. finna aðgang að lögum um örnefni nr. 22/2015, ársskýrslum örnefnanefndar frá árinu 1998, megin sjónarmiðum nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga og skráum um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998. Enn fremur er þar að finna leiðbeiningar nefndarinnar um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufyrirbæra og reglugerð um störf örnefnanefndar.

Fundir

Enginn fundur var haldinn í örnefnanefnd árið 2023. Í september 2023 lauk skipunartíma nefndarinnar. Frá þeim tíma og til 1. apríl 2024 var engin örnefnanefnd starfandi.

Samstarf

Örnefnanefnd og nafnfræðisvið hafa verið í samstarfi við Þjóðskrá Íslands um staðföng og vandamál varðandi skráningar. Nefndin hefur einnig verið í samstarfi við Landmælingar Íslands um ýmis mál.

Nafnfræðisvið Árnastofnunar

Starfsmenn nafnfræðisviðs veita einstaklingum og sveitarfélögum ráðgjöf um örnefni, þ.m.t. bæjanöfn.

Reykjavík, 17. febrúar 2025

Aðalsteinn Hákonarson, starfsmaður örnefnanefndar